



Hálfsársuppgjör loftslagsbókhalds 2025

Niðurstöður hálfsársuppgjör­sins sýna að losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Landsvirkjunar fyrri helming ársins var rúmlega 34.400 tonn CO₂-ígilda og jókst um 16% frá sama tímabili árið áður. Kolefnisbinding á vegum fyrirtækisins nam um 18.600 tonnum CO₂-ígilda og jókst um 2% á milli ára. Kolefnisspor Landsvirkjunar, þ.e.a.s. losun gróðurhúsalofttegunda að frádreginni kolefnisbindingu, var um 15.850 tonn CO₂-ígilda. Losun á orkueiningu heldur áfram að vera afar lítil og er með þeirri minnstu sem þekkist innan orkugeirans.

Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu fyrri hluta ársins var 2,8 g CO₂-íg/kWst og dróst saman um 7% frá árinu áður. Orkuvinnslan okkar samræmist áfram markmiðum heims um 1,5°C hlýnun líkt og fram kemur í [aðgerðaáætlun okkar í loftslags- og umhverfismálum](#). Heildarlosun á orkueiningu var 5,1 g CO₂-íg/kWst og jókst um 19% frá sama tímabili árið áður. Heildarlosun á orkueiningu heldur áfram að vera undir viðmiðum um kolefnishlutleysi orkufyrirtækja, 9,1 g CO₂-íg/kWst.

Aukningu í losun má að mestu leyti rekja til meiri losunar í umfangi 3 frá fastafjármunum, þá sérstaklega losun sem verður í framkvæmdum og við framleiðslu aðfanga til framkvæmda- og viðhaldsverkefna. Ástæðuna má rekja til þess að umfangsmikið framkvæmdatímabil er gengið í garð hjá Landsvirkjun þar sem unnið er að uppbyggingu fyrsta vindorkuvers landsins, Vaðölduveri, og undirbúningsframkvæmdum fyrir Hvammsvirkjun.

Orkuvinnsla dróst lítillega saman á milli ára, eða um 2%. Losun frá jarðvarmastöðvum, sem er stærsti einstaki liðurinn í losun okkar, minnkaði um 14% á milli ára. Samdráttinn má að mestu rekja til minni vinnslu í Kröflustöð. Losun frá lónum jókst um 42% á milli ára, en sú losun er háð veðurfari og ræðst af fjölda þeirra daga sem lónin eru ísílögð. Forðuð losun vegna raforkuvinnslu Landsvirkjunar á fyrri hluta ársins nam um 1,2 milljónum tonna CO₂-ígilda.

Aðferðafræði við útreikning á losun í umfangi 3 hefur verið breytt frá fyrra ári og inniheldur nú alla viðeigandi flokka skv. Greenhouse Gas Protocol. Umfang 3 innifelur nú alla losun vegna aðkeyprar vöru og þjónustu og vegna fastafjármuna, auk þess sem losun vegna fjárfestinga Landsvirkjunar og keyprar raforku til endursölu hefur verið bætt við. Losun fyrir árið 2024 hefur verið uppfærð til samræmis og því er losun í umfangi 3 meiri en birt var í hálfsársuppgjöri 2024. Af þessum sökum er heildarlosun og losunarkræfni áranna 2024 og 2025 meiri en árin á undan.

↓ Lykiltölur

Orkuvinnsla

6.814 GWst ↓2,2%

Losun orkuvinnslu á orkueiningu

2,8 g CO₂-íg/kWst ↓6,9%

Heildarlosun

34.434 tonn CO₂-íg ↑16%

Heildarlosun á orkueiningu

5,1 g CO₂-íg/kWst ↑19%

Kolefnisbinding

18.581 tonn CO₂-íg ↑2,0%

Forðuð losun vegna orkuvinnslu

1.244.058 tonn CO₂-íg ↑0,31%

Kolefnisspor

15.853 tonn CO₂-íg ↑38%

Kolefnisspor á orkueiningu

2,3 g CO₂-íg/kWst ↑41%





↓ Kolefnisspor fyrstu sex mánuði ársins

Umfang 1 (t CO ₂ -íg)	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá 2024
Jarðvarmi	15.774	17.977	13.803	18.481	15.908	-14%
Lón (CH ₄)	1.744	1.892	2.359	1.706	2.428	42%
Eldsneyti	191	185	151	152	158	3,8%
Rafbúnaður	15	52	27	31	0	-100%
Samtals umfang 1	17.724	20.106	16.340	20.371	18.494	-9,2%
Umfang 2 (t CO ₂ -íg)						
Keypt raforka (staðbundin losun)	3,0	4,0	3,6	2,7	2,5	-7,2%
Keypt raforka (markaðstengd losun)	3,0	4,0	1,3	1,0	0,97	-3,2%
Keypt heitt vatn	9,3	8,9	11	12	22	89%
Samtals umfang 2 (staðbundin losun)	12	13	14	14	24	71%
Samtals umfang 2 (markaðstengd losun)	12	13	12	13	23	82%
Umfang 3 (t CO ₂ -íg)						
Aðkeyptar vörur og þjónusta, samtals	684	854	864	4.508	4.803	6,5%
Áburður	684	854	864	850	920	8,3%
Aðrar aðkeyptar vörur og þjónusta	-	-	-	3.658	3.882	6,1%
Fastafjármunir, samtals	165	44	369	3.093	9.065	193%
Framkvæmdir	165	44	369	99	2.229	2.152%
Aðrir fastafjármunir	-	-	-	2.994	6.836	128%
Eldsneyti og orka, samtals	54	118	46	175	444	154%
Framleiðsla eldsneytis	51	52	46	48	46	-3,1%
Keypt raforka til endursölu	3,2	66	0	127	397	212%
Úrgangur	20	24	45	11	13	17%
Vinnuferðir, samtals	56	113	165	165	197	20%
Flugferðir	30	83	129	130	137	5,6%
Ferðir með bílaleigubíl	26	30	36	35	60	71%
Ferðir starfsfólks til og frá vinnu	54	48	47	60	60	0%
Flutningur raforku	964	759	575	530	530	0%
Fjárfestingar	-	-	-	586	586	0%
Samtals umfang 3	1.997	1.960	2.111	9.126	15.696	72%
Utan umfanga (t CO ₂ -íg)						
Lón (CO ₂)	97	119	160	128	178	39%
Bruni lífdísils (CO ₂)	27	36	45	50	42	-16%
Samtals utan umfanga	124	155	205	178	220	23%
Heildarlosun (t CO ₂ -íg)	19.857	22.234	18.670	29.689	34.434	16%
Binding (t CO ₂ -íg)	-17.200	-17.875	-17.897	-18.214	-18.581	2,0%
Kolefnisspor (t CO ₂ -íg)	2.657	4.359	773	11.475	15.853	38%





↓ Orkuvinnsla

Orkuvinnsla (GWst)	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá 2024
Jarðvarmi	467	642	598	648	606	-6,4%
Vatnsafl	6.389	6.557	6.803	6.317	6.205	-1,8%
Vindorka	3,2	2,9	3,3	3,6	2,3	-35%
Heildarorkuvinnsla	6.859	7.202	7.404	6.969	6.814	-2,2%

↓ Losun á orkueiningu

Losun á orkueiningu (g CO ₂ -íg/kWst)	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá 2024
Jarðvarmi (umfang 1)	34	28	23	29	26	-8,0%
Vatnsafl (umfang 1)	0,27	0,29	0,35	0,27	0,39	45%
Heildarlosun raforkuvinnslu (umfang 1)	2,6	2,8	2,2	2,9	2,7	-7,1%
Önnur losun	0,34	0,33	0,34	1,4	2,4	73%
Heildarlosun á orkueiningu	2,9	3,1	2,5	4,3	5,1	19%
Kolefnisspor á orkueiningu	0,39	0,61	0,10	1,6	2,3	41%
Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu*	2,7	2,9	2,3	3,0	2,8	-6,9%
*Losun vegna orkuvinnslu á orkueiningu inniheldur losun í umfangi 1, losun vegna keyptrar raforku í umfangi 2 og losun vegna flutnings raforku í umfangi 3.						
Rekstrartekjur 1.1.-30.6. (milljónir USD)	225	295	332	279	302	8,4%
Losunarkræfni á nettó tekjur (t CO ₂ -íg /mUSD)	88	75	56	106	114	7,0%





↓ Loftslagsmarkmið og framvinda þeirra

Umfang	Markmið	Eining	Markmið	Marmiðsár	Viðmiðunarár	Viðmiðunargildi	2025 1.1-30.6	Breyting frá 2024
1	Losun jarðvarmastöðva á orkueiningu verði 80% lægri árið 2030 en árið 2008 (15±3 gCO ₂ íg/kWst)	g CO ₂ -íg/kWst	15	2030	2008	93	26	-8,0%
1, 2 (keypt raforka), 3 (flutningur raforku)	Losun vegna orkuvinnslu samræmist áfram markmiðum heims um 1,5°C hlýnun	g CO ₂ -íg/kWst	3	2030	-	-	2,8	-6,9%
1	65% minni losun vegna jarðefnaeldsneytis en árið 2008	t CO ₂ -íg	277	2025	2008	790	158	3,8%
1, 2, 3, utan umfanga	Viðhalda losunarkræfni undir 9,1 gCO ₂ íg/kWst	g CO ₂ -íg/kWst	9,1	-	-	9,1	5,1	19%
-	Hlutfall umhverfislega sjálfbærar orkuvinnslu	%	100	-	-	-	100%	-

↓ Orkunotkun og uppruni

Orkunotkun og uppruni (MWst)	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá 2024
Orkunotkun frá jarðefnaeldsneyti	784	774	664	663	760	15%
Heildarorkunotkun frá óendurnýjanlegum orkugjöfum	784	774	664	663	760	15%
Notkun á keyptu rafmagni, hita, gufu og kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum	1.473	1.596	1.571	1.556	2.639	70%
Notkun á sjálfframleiddri, eldsneytislausri, endurnýjanlegri orku	44.242	47.727	47.773	48.796	52.709	8,0%
Notkun á endurnýjanlegu eldsneyti	105	139	175	194	162	-16%
Heildarorkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum	45.820	49.462	49.519	50.546	55.511	9,8%
Heildarorkunotkun	46.603	50.236	50.183	51.209	56.271	9,9%
Hlutfall óendurnýjanlegra orkugjafa af heildarnotkun	2%	2%	1%	1%	1%	-
Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarorkunotkun	98%	98%	99%	99%	99%	-





Hvernig gerum við hálfársuppgjör loftslagsbókhalds?

Við gefum út hálfársuppgjör loftslagsbókhalds til að upplýsa um framgang aðgerðaáætlunar Landsvirkjunar í loftslagsmálum og hvernig okkur miðar áfram í átt að metnaðarfullum markmiðum um samdrátt í losun. Hálfársuppgjör gefur okkur ákveðnar vísbendingar um heildarlosun ársins, en hún er tekin saman í lok árs, rýnd og staðfest af óháðum aðilum og gefin út í árlegu loftslagsbókhaldi fyrirtækisins.

Við vinnum loftslagsbókhald út frá aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHGP) sem er leiðandi alþjóðlegur fyrirtækjastaðall fyrir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda. Upplýsingar um losun fyrirtækisins streyma frá ólíkum uppruna í loftslagsmælaborð fyrirtækisins og eru rýndar ársfjórðungslega.

Í [loftslagsbókhaldi ársins 2024](#) má sjá nánari upplýsingar um það hvernig við gerum loftslagsbókhald. Fyrir losunarþættina flutningur raforku, ferðir starfsfólks til og frá vinnu og fjárfestingar liggja upplýsingar um losun ekki fyrir fyrr en í lok árs. Í hálfársuppgjörinu er því gert ráð fyrir að losun sé helmingur losunar fyrra árs fyrir þá þætti. Stuðlarnir á bak við losunarupplýsingar koma frá [Umhverfisstofnun](#), [DEFRA](#) og Losunarbókhaldi Íslands (e. National Inventory Report) og eru þeir meðal þess sem ytri endurskoðendur taka út árlega.

Árlegt mat á forðaðri losun vegna orkuvinnslu okkar er hluti af upplýsingagjöf grænnar fjármögnunar. Matið byggir á stuðlum sem gefnir eru út af IFI (International Financial Institution) og skiptingu raforkusölu milli stórnotenda og heildsölu á fyrri helmingi ársins. Notast er við viðmiðið 183,3 gCO₂-íg/kWst, en nánari upplýsingar um aðferðafræði þessara útreikninga má finna í [árlegri skýrslu](#) um ráðstöfun grænna fjármuna og áhrif grænnar fjármögnunar.



Tengiliður

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir.
forstöðumaður Loftslags og áhrifastýringar
Johanna.Hlin.Audunsdottir@landsvirkjun.is